

16. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 12. desember 2007 kl. 10:30. Mættir: Ari Teitsson, Þorsteinn Tómasson, Stefán Kalmansson, Emma Eyþórsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Brynhildur Einarsdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Haraldur Benediktsson tilkynnti forföll og Vignir Siggeirsson mætti ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt að teknu tilliti til athugasemda.
2. Þróun mála frá síðasta fundi ráðsins.
 - a) Tilflutningur innan stjórnarráðsins. Rektor hefur átt fundi með menntamálaráðherra um stöðu LbhÍ á þeim tímamarki þegar skólinn færir til menntamálaráðuneytis. Mikilvægt er að halda til haga bakgrunni skólans við samninga um framtíðaruppbyggingu og fjármögnun. Þar er einkum átt við þá sérstöðu skólans sem felst í því hversu rannsóknir eru stór hluti af starfsemi eða meira en helmingur alls umfangs.
 - b) Fjárlög og fjármál. Ekki tókst að hækka framlag á fjáráukalögum í 108 mkr. svo sem stefnt hafði verið að en aukafjárveiting árið 2007 nemur samt sem áður 64 mkr. Á fjárlögum 2008 er gert ráð fyrir 637,5 mkr., þar af 160 mkr. frá landbúnaðarráðuneyti sem færast sem sértekjur. Að þeim fjármunum meðtöldnum nemur hækkun fjárveitingar til skólans á milli ára einungis verðlagshækkun.
3. Yfirlit um rekstur – fjárhagsáætlun 2008. ÞTJ fór yfir helstu atriði í rekstri skólans ársið 2007 og rekstraráætlun 2008. Fram kom m.a. í umræðum að mikilvægt væri að halda rekstri innan fjárlaga, og að skapa samningsgrunn til að ná fram stuðningi stjórnvalda við framgang stefnu skólans og uppbyggingu hans á komandi árum.
4. Samningar við stofnanir og fyrirtæki. - Starfsheiti, akademískar nafnbætur. Á fundinn kom Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála og gerði grein fyrir tillögu um akademískar nafnbætur til stundakennara. Skiptar skoðanir eru meðal háskólaráðsmanna um málið. Ráðið fellst á tillöguna en beinir þeim tilmælum til rektors að mikillar varfærni verði gætt í úthlutun nafnbóta og jafnframt að eðlilegt sé að þeir sem slíkar nafnbætur hljóta hafi skilgreindar skyldur gagnvart skólanum varðandi stefnumörkun og faglega umræðu sbr lið 4 í tillögunni. Í undirbúningi eru samningar við Veiðimálastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem til stendur að nýta heimildir samkvæmt tillögunni.
5. Stefnumörkun LbhÍ 2008. Á fundinn komu Magnús Árni Magnússon og Þórður Sverrisson frá Capacent til að kynna fyrirhugaða vinnu við stefnumótun LbhÍ. Verkið verður unnið á tímabilinu janúar – mars 2008. Fram kom m.a. í umræðum að mikilvægt væri að taka tillit til ytri áhrifaaðila og að mjög margt væri framundan bæði á fagsviðum og í stjórnkerfinu sem kæmi til með að hafa áhrif á starf skólans og skipulag næstu árin.
6. Önnur mál. Fyrirhugað er að menntamálaráðherra heimsæki LbhÍ í byrjun janúar og stefnt að því að háskólaráð komi saman við það tækifæri og eigi fund með ráðherranum.